

**STJÓRNARFUNDUR HALDINN Í RÁÐHÚSI FJALLABYGGÐAR Á SIGLUFIRÐI
ÞRIÐJUDAGINN. 5. JÚLÍ KL 13:00**

Fimmtudaginn 5. júlí 2012 kom stjórn SSNV saman til fundar í ráðhúsi Fjallabyggðar á Siglufirði. Mætt voru. Bjarni Jónsson, Sigurjón Þórðarson, Ágúst Þór Bragason, Adolf H. Berndsen og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Undir lið 2. sátu fundinn Sigurður V. Ásbjarnarson, og Svanfríður Jónasdóttir stjórnarmenn bs um málefni fatlaðra og Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði.

1. **Fundargerð síðasta fundar-** lögð fram til kynningar.
2. **SSNV málefni fatlaðra**
 - a. **Fundargerð þjónustuhóps frá 10.05.2012.** GSG kynnti einstaka liði.
 - b. **Fundargerð þjónustuhóps frá 28.06.2012.** GSG kynnti einstaka liði.
 - c. **Uppgjör til þjónustusvæðanna vegna rekstrar 2011.**

Lögð fram afgreiðsla þjónustuhóps frá 28.06.2012.

„Kostnaður sveitarfélaga/þjónustusvæða umfram áætlun ársins 2011 er 32,8 m.kr. eða 9%. Rekstaráætlun var 381,9 m.kr. Niðurstaða rekstrar var 414,7 m.kr. Vakin er athygli á að við gerð rekstaráætlunar 2011 var ekki gert ráð fyrir launahækkunum sem voru um 4,5% samkvæmt ákvæðum kjarasamninga og lægstu laun hækkuðu jafnvel meira. Rekstaráætlun ársins 2011 var ekki endurskoðuð m.t.t þess.

Þjónustuhópur leggur til við stjórn að uppgjör til sveitarfélaga/þjónustusvæða verði með eftirfarandi hætti.

| | |
|--------------------------|------------------------------|
| <i>Húnaþing vestra</i> | <i>fái greitt 5.518.252</i> |
| <i>A-Hún</i> | <i>fái greitt 2.274.256</i> |
| <i>Svf. Skagafjörður</i> | <i>fái greitt 16.878.751</i> |
| <i>Fjallabyggð</i> | <i>fái greitt 7.816.012</i> |
| <i>Dalvíkurbyggð</i> | <i>fái greitt 393.522“</i> |

Stjórn samþykkir uppgjör til sveitarfélagana samkvæmt framangreindu.

- d. **Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2012.** Framkvæmdastjóri og verkefnisstjóri gerðu grein fyrir fundum með fulltrúum og stjórn félags og skólaþjónustu A- Hún vegna endurskoðunar á stöðuhlutfalli ráðgjafa í málefnum fatlaðra í A- Hún. Aðilar eru sammála um að stöðuhlutfall ráðgjafa málefna fatlaðra í A- Hún skulu vera 50% frá og með 1. Júlí 2012 en samkvæmt fjárhagsáætlun 2012 var gert ráð fyrir 90% stöðuhlutfalli. *Stjórn samþykkir breytinguna og endurskoðun fjárhagsáætlunar 2012 m.t.t til þessarar breytingar.*
- e. **Fjárhagsáætlun 2013.** Verkefnisstjóri kynnti tillögu þjónustuhóps að verklagi við gerð fjárhagsáætlunar 2013. Samkvæmt henni mun þjónustuhópur skila tillögu að

fjárhagsáætlun 2013 til stjórnar eigi síðar en 14. september 2012. Umræður urðu um tillöguna og áætlunargerðina almennt. Stjórn gerir ekki athugasemdir við framlagt verklag.

- f. **Ákvörðun um þátttöku í NPA.** Fyrir tekin tillaga þjónustuhóps varðandi þátttöku byggðasamlagsins í NPA sem tekin var til umræðu á fundi stjórnar þann 24. Apríl 2012. *Stjórn samþykkir þátttöku í tilraunaverkefni um Notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) enda muni það ekki leiða af sér auknar fjárhagsskuldbindingar fyrir byggðasamlagið umfram það sem annars hefði orðið. Þá felur stjórn felur þjónustuhópi að vinna verklagsreglur vegna þjónustunnar.*

g. **Önnur mál**

1. **Laun stjórnarmanna frá Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð.**

Stjórn samþykkir að fulltrúar Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar í stjórn byggðasamlagsins fái greitt fyrir hvern setinn fund 2,5% af þingfararkaupi, nú kr 14.739. Að auki verði þeim greiddur aksturskostnaður samkvæmt texta fjármálaráðuneytisins hverju sinni.

2. **Skammtíamavistun á Dalvík.** Verkefnisstjóri kynnti stöðu mála varðandi skammtíamavistun á Dalvík sem opna mun í september.

3. **IPA styrkir – Anna Margrét Guðjónsdóttir frá AM ráðgjöf mætir til fundarins.**

AMG fór yfir umsóknarferli vegna IPA styrkja. Fram kom að gert er ráð fyrir að í ágúst mánuði verði auglýst eftir styrkumsóknum fyrir allt að 8 milljónir evra. Við mótum verkefna mikilvægt að fram fari víðtækt samráð við hagsmunaaðila í héraði.

Umsóknirnar taka til tveggja sjóða. Annars vegar ERDF (European Regional Development Fund) sem styrkir fjárfestingar í innviðum svæða. Áætlað er að styrkur til hvers verkefnis nemi 200-500.000 Evrum. Alltaf gengið út frá 20% framlagi til viðbótar frá heimamönnum (umsóknaraðila). Hins vegar er félagsmálasjóðurinn ESD (European Social Fund) sem styrkir fjárfestingu í mannauði. Styrkja má verkefni um allt að eina milljón evra.

Gert er ráð fyrir að við bætist 20% framlag heimamanna.

Verkefni sem spanna fleiri en einn landshluta væru áhugaverður kostur. Fram kom að stjórn SSNV veitir lokasamþykki varðandi þau verkefni sem að sótt verður um. Miklar umræður urðu um ýmis atriði vegna IPA styrkja.

Stjórn SSNV samþykkir að ganga til samninga við AM ráðgjöf varðandi mótun verkefna vegna IPA styrkja. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi við AM ráðgjöf.

4. **Menningarsamningur – viðauki.** Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir samskipti mennta og menningarmálaráðuneytið vegna málsins.

5. **Bréf**

a. **Bréf formanns fjárlaganefndar dags. 18. Júní 2012.** Í bréfinu, sem sent er öllum sveitarfélögum landsins eru kynntar nýjar áherslur fjárlaganefndar alþingis í samskiptum við sveitarfélögin.

Stjórn SSNV leggur þunga áherslu á að sveitarfélögin geti átt greið og bein samskipti við fjárlaganefnd Alþingis. Þá leggur stjórnin áherslu á að sveitarfélögin geti borið upp hver þau mál sem þau telja brýnst hverju sinni við nefndina.

b. **Bréf vegagerðarinnar dags 25. Júní 2012.** Í bréfinu er tilkynnt ákvörðun Vegagerðarinnar um að auka vetrarþjónustu á Þverárfjallsvegi vegna breytinga á almenningssamgöngum í kjölfar óskar SSNV um málið. *Stjórn SSNV fagnar ákvörðun Vegagerðarinnar.*

c. **Tölvupóstur utanríkisráðuneytisins dags. 28. Júní 2012.** Í bréfinu býðst aðalsamningamaður Íslands í aðildarviðum við ESB um að kynna stöðuna í aðildarviðræðunum með sérstakri áherslu á byggðamál á 20. ársþingi SSNV í október n.k. Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.

d. **Bréf Vera&Vera ehf. Dags 28. Júní 2012.** Í bréfinu er óskað styrks vegna rannsóknar á ásýnd og aðkomuleiðum þéttbýliskjarna á landsbyggðinni kr. 180.000. Stjórn SSNV tekur jákvætt í erindið og felur framkvæmdastjóra afgreiðslu þess.

e. **Bréf Umhverfisstofunnar dags 15. Júní 2012.** Í bréfinu er óskað ábendinga og athugasemda varðandi drög að landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2014. Framkvæmdastjóra falið að senda ábendingar í samráði við Heilbrigðisefirlit Norðurlands vestra.

6. **Önnur mál.**

a. Sk. Þ greindi frá innhaldi bréfs sem sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur sent Vegagerðinni þar sem farið er fram á úrbætur á plani við gatnamót Þjóðveg 1 og Hvammstangavegar 711 vegna m.a vegna breytinga á almenningssamgöngum. Stjórn SSNV tekur heilshugar undir sjónarmið Húnaþings vestra í málinu.

Stjórnin felur formanni og framkvæmdastjóra að óska eftir fundi með fulltrúum Vegagerðarinnar til þess að ræða öryggismál og útbætur á þeim gatnamótum þar sem gert er ráð fyrir að farþegar skipti um rútu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 16:00

Jón Óskar Pétursson fundarritari